

Lyfjanefnd ÞÍH - Fyrsti fundur 24.febrúar 2021 kl 14-15

Fundinn sóttu Jón Steinar Jónsson, Anna Bryndís Blöndal, Hannes Hrafnkelsson, Gunnlaugur Sigurjónsson, Arna Þórdís Árnadóttir og Guðný Friðriksdóttir í gegnum Teams.

Boðuð dagskrá var sem hér segir

1. Kynning aðal og varanefnd
2. Reglugerð
 - a. Hagsmunatengsl 4.gr
 - b. Tengiliður við hjúkrunarheimili 4.gr
 - c. Örugg og skynsamleg ávísun og notkun lyfja 11.gr
 - d. Leiðbeiningar um lyfjaval 12.gr
 - e. Samstarf lyfjanefnda LSH og ÞÍH 13.gr
3. Fundartímar

4. Örugg og skynsamleg ávísun og notkun lyfja

5. Lyf án skaða – WHO verkefni, leitt af EL
 - a. Tilfærsla milli deilda, stofnana - Transition of care
 - b. Fjöllumjameðferð
 - c. Há áhættu lyfjameðferð
6. Lyfjarýni – verklag
7. Skömmtunaryfseðlar – reglugerð um skömmtun lyfja
8. Lyfjum hætt – deprescribing
9. Miðlægt lyfjakort
10. Strama
11. Ávanabindandi lyf
12. Milliverkanaforrit tengt Sögu
13. Kynning nýrra lyfja – Lyfjastofnun póstlisti
14. Sérlyfjaskrá – framsetning
15. Klínískir lyfjafræðingar í heilsugæslu

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Meðlimir nefndarinnar kynna sig og formaður les upp varamenn.

2. Farið er yfir þá hluta reglugerðarinnar um skipan, hlutverk og starfsemi lyfjanefndar Landspítala og lyfjanefndar Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu sem snerta heilsugæslunefndina.
 - a. 4 grein: Hagsmunatengsl. Jón Steinar hefur fengið lögfræðing HH til að verða nefndinni innan handan varðandi undirbúning á skráningu hagsmunatengsla.
 - b. Í 4.grein er einnig tekið fram að hjúkrunar- og dvalarheimili skulu tilnefna tengilið við nefndina. Formaður gerir ráð fyrir að hafa samband við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu varðandi það ef samtökin hafa ekki frumkvæði.
 - c. 11.grein – Hlutverk nefndarinnar. Þar segir að hlutverk nefndarinnar sé að vinna að öruggri og skynsamlegri notkun lyfja sem eru notuð eða ávísað innan heilsugæslunnar eða á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Sjá lið 4. Í fundargerð.
 - d. 12.grein. Nefndin skal útbúa leiðbeiningar um lyfjaval. Hjá ÞÍH er þegar byrjuð vinna við gerð lyfjalista og á heimasíðu ÞÍH eru nú þegar leiðbeiningar um sýklalyfjaval og um meðferð á sykursýki 2. Formaður gerði grein fyrir hugmyndum um liðstyrk svokallaðra „flakkara“ (lækna í tímabundnum stöðubrotum) við gerð lyfjalista
 - e. 13.grein. Samstarf lyfjanefnda LSH og ÞÍH. Formaður nefndar ÞÍH er búinn að setja sig í samband við formann lyfjanefndar LSH.
3. Fundartímar. Samþykkt að stefna á að halda 6 fundi yfir vetrartímann að jafnaði. Ákveðið að halda næsta fund 7.apríl n.k. kl 14.
4. -15. Formaður og varaformaður kynntu ýmis verkefni sem eru í vinnslu og ÞÍH hefur tekið þátt í og snúa að öruggri og skynsamlegri notkun lyfja í heilsugæslu (sbr dagskrá fundar). Verkefnin eru mislangt á veg komin en þau eru: Lyf án skaða, verklag við lyfjarýni, skömmtunarfseðlar og endurskoðun reglugerðar, lyfjum hætt(deprescribing), miðlægt lyfjakort, Strama (Skynsamleg ávísun sýklalyfja), ávanabindandi lyfseðilskyld lyf, milliverkanaforrit tengt Sögu, kynning nýrra lyfja (póstlisti Lyfjastofnunar), framsetning sérlyfjaskrár, klínískir lyfjafræðingar í heilsugæslu.
16. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:00